

Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sf. 2021

Ár 2021, föstudaginn 25. júní var haldinn aðalfundur Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2020 og var fundurinn haldinn í fundarsal Hafnarhússins við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Mættir f.h. eigenda voru:

Reykjavíkurborg:	Dagur B. Eggertsson
Akraneskaupstaður:	Sævar Freyr Þráinsson
Hvalfjarðarsveit:	Linda B. Pálsdóttir
Skorradalshreppur:	Árni Hjörleifsson
Borgarbyggð:	Magnús Már Snorrason

Formaður stjórnar félagsins, Kristín Soffía Jónsdóttir, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Hún stakk upp á Magnúsi Baldurssyni lögmanni sem fundarstjóra og Gunnari Tryggvasyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að löglega væri til fundarins boðað. Mætt var á fundinn af hálfu allra eignaraðila.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar félagsins, Kristín Soffía Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur.

Hafnarstjóri, Magnús Ásmundsson, kynnti reikninga félagsins vegna ársins 2020. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins.

Gerð var svohljóðandi tillaga um greiðslu arðs til eigenda:

Arður verði 50% af hagnaði án óreglulegra tekna, eða alls 103 mkr. sem skiptist á eignaraðila eftir eignarhlutföllum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um stjórnarlaun.

Gerð var tillaga um að stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Lýsing á kjöri stjórnar.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tilkynningar eignaraðila um tilnefningu í stjórn félagsins:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Skúli Helgason

Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson
Varamenn: Sabine Leskopf
Pawel Bartoszek
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir
Hildur Björnsdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Ragnar B. Sæmundsson
Varamaður: Karitas Jónsdóttir
Áheyrnarfulltrúi: Ólafur Adolfsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Daníel Ottesen
Varamaður: Björgvin Helgason

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður: Magnús Már Snorrason
Varamaður: Lilja Björg Ágústsdóttir

Fundarstjóri lýsti framangreinda sem rétt kjörna í stjórn.

6. Kosning löggilds endurskoðanda.

Lagt var til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun félagsins og var það samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Formaður stjórnar kynnti samþykkt stjórnar Faxaflóahafna sf. varðandi umhverfisviðurkenningu til fyrirtækis á starfssvæði Faxaflóahafna sf., undir nafninu "Fjörusteinninn". Hún greindi frá því að stjórnin hefði ákveðið að veita Krónunni ehf. Fjörusteinninn árið 2021 og las upp rökstuðning fyrir því vali. Ásta S. Fjeldsted framkvæmdastjóri Krónunnar ásamt Óla Rúnari rekstrarstjóra og Lilju Kristínu sérfræðingi í markaðs og umhverfismálum veittu steininum viðtöku. Ásta þakkaði fyrir virðingavottinn fyrir hönd Krónunnar og tók fram að viðurkenningin væri hvatning til að halda áfram á þeirri vegferð sem Krónan er á hvað umhverfismál varðar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri óskaði Krónunni til hamingju með viðurkenninguna ásamt því að bjóða hafnarstjóra velkomin til starfa. Óskaði hann jafnframt starfsfólki Faxaflóahafna til hamingju með varnarsigur sem afkoma rekstrarársins má kallast í ljósi aðstæðna í samfélaginu á síðasta ári.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri Akranesskaupstaðar þakkaði formanni stjórnar fyrir vel unnin störf og stjórn og stjórnendum fyrir þann varnarsigur sem afkoma félagsins ber með sér.

Kom fram í máli Dags og Sævars Freys að bókað yrði í fundargerð um þakklæti eigenda gagnvart starfsfólki félagsins vegna góðs rekstrar á síðasta ári við erfiðar aðstæður.

Árni Hjörleifsson oddviti sveitarstjórnar Skorradalshrepps tók undir orð Dags og Sævars Freys. Minnti hann jafnframt á að Skorradalshreppur hafi enn ekki fengið fulltrúa í stjórn eða áheyrnarfulltrúa sem hann taldi vera ósanngjarnt m.a. í ljósi þess að Akraneskaupstaður og starfsmenn félagsins hafa áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum.

Fundarstjóri lýsti dagskrá fundarins tæmda. Óskaði hann eftir heimild fundarins til þess að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð og var það samþykkt.

Að því búnu sleit fundarstjóri fundi, kl. 15:45.

Magnús Baldursson
fundarstjóri

Gunnar Tryggvason,
fundarritari